

Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 95. fundur haldinn á Laugarvatni 12. október 2022 og hófst hann kl. 11:00

Fundinn sátu:

Nanna Jónsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, og Jóhannes Hr. Símonarson framkvæmdastjóri. Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Jóhannes Hr. Símonarson

Dagskrá:

1. Vettvangsferð skipulagsfulltrúa UTU bs. ásamt fleirum til Danmerkur 24. – 27. október.

State of Green og danska sendiráðið á Íslandi, í samstarfi við Grænvang, bjóða hagaðilum í vettvangs- og fræðsluferð um hagnýtingu vindorku 24.-27. október nk. Í ferðinni sem farin verður um Jótland og Samsø gefst þátttakendum færi á heimsækja sveitarfélög, fyrirtæki, hagsmunasamtök í ferðamálum og nátturuvernd og aðra hagaðila sem komið hafa að hagnýtingu vindorku á svæðinu. Dagskránni er ætlað að varpa ljósi á helstu tækifæri og áskoranir og hvernig stjórnvöld, danskt atvinnulíf, hagsmunasamtök og aðrir haghafar hafa nálgast sitt samstarf við hagnýtingu vindorku á farsælan máta.

Búið er að skrá Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúa í þessa vettvangsferð og panta flug og hótél fyrir hann þessa daga. Vigfúsi ætlað að miðla af þekkingu sinni þegar heim er komið.

2. Ákvörðun um tíma- og staðsetningu aðalfundar UTU bs.

Stjórn UTU bs. ákveður að halda aðalfund UTU bs. þriðjudaginn 1. nóvember kl. 15.00 í kjölfar skipulagsnefndarfundar. Framkvæmdastjóra UTU bs. falið að finna hentugan fundarstað og boða til fundarins með dagskrá í samráði við stjórnarformann UTU bs. Fundarboðun verði í takt við samþykktir UTU bs.

3. Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023 sem framkvæmdastjóri lagði fram. Umræða var um einstaka liði hennar, m.a. líklega launaþróun og rekstrarkostnað bifreiða. Framkvæmdastjóra falið að kanna hagkvæmni þess að embættið tæki bíl á rekstrarleigu í stað þess að kaupa hann. Stjórn kemur með ábendingu um að skoða sérstaklega kaup eða leigu á rafmagnsbíl fyrir embættið. Umræða um að breyta ætti gjaldskrá skipulagsfulltrúa þannig að miðað sé við að hún standi undir ákveðnu hlutfalli af rekstrarkostnaði embættisins. Framkvæmdastjóri mun vinna áfram í áætluninni í takti við umræður og ábendingar á fundinum.

4. Önnur mál

Umræða varð um verkferla innan embættisins og viðmið um þjónustu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30

Undirritunarsíða

meðstjórnandi
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 17.10.2022
Tími: 12:56:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a221591a-
6f93-4fdb-80c7-
676b5a8ea9f7

varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn
Pálmarsson
0112824239
Dags: 25.10.2022
Tími: 09:52:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a221591a-
6f93-4fdb-80c7-
676b5a8ea9f7

meðstjórnandi
Jón Bjarnason



Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 25.10.2022
Tími: 09:06:10
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a221591a-
6f93-4fdb-80c7-
676b5a8ea9f7

stjórnarformaður
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 17.10.2022
Tími: 13:57:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a221591a-
6f93-4fdb-80c7-
676b5a8ea9f7

meðstjórnandi
Nanna Jónsdóttir



Undirritað af:
Nanna Jónsdóttir
0406803069
Dags: 17.10.2022
Tími: 12:22:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a221591a-
6f93-4fdb-80c7-
676b5a8ea9f7